



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2026

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. S-78/2026 í samráðsgátt, breytingar á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 830/2022.

Vísað er til máls nr. S-78/2026 í samráðsgátt – Breyting á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur rýnt gögn málsins og veitir eftirfarandi umsögn. HER tekur einnig undir umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja dags. 13. maí 2026 og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 12. maí 2026, og vísar einnig til umsagnar sinnar um mál nr. S-76/2026 um reglugerð um tilkynningarskyldu vegna færanlegrar starfsemi.

Með reglugerðarbreytingunni bætast osteopatar og jarðborar undir 1MW í hóp skráningarskyldrar starfsemi. HER gerir ekki athugasemdir við að osteopatar séu skráningarskyld starfsemi enda í samræmi við aðra sambærilega starfsemi sem er skráningarskyld í dag. Þegar kemur að jarðbor undir 1MW gerir HER aftur á móti alvarlegar athugasemdir.

Fyrst má velta fyrir sér af hverju valið er að gera jarðbor að þessari stærð skráningarskyldan. Að mati HER ætti að styðjast við áhættumat þegar ákvarðað er hvort starfsemi eigi að vera skráningarskyld eða starfsleyfisskyld. Ætti hér að horfa m.a. til mengunarhættu, öryggismála og grenndaráhrifa. Í þeim tilvikum sem um ónæðissaman, mengandi atvinnurekstur er að ræða gefur auglýsingarferlið íbúum og hagaðilum tækifæri til að koma með athugasemdir áður en starfsleyfi er gefið út. Hvort sem um er að ræða starfsleyfis- eða skráningarskyldu í tilviki jarðbors, geta íbúar og hagaðilar aldrei fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að þar sem framkvæmdin sem áhrifunum veldur verður aldrei til umsagnar, aðeins tækið sjálft. Er þetta skerðing að aðgangi almennings að upplýsingum um umhverfismál. Sem dæmi má nefna að nú standa til þrjú borverkefni í Laugardal/Holtum þar sem borðað verður á lágheitsvæði í nágrenni við íbúðarbyggð. Reynsla af fyrri borverkefnum hefur sýnt að hávaðaónæði getur verið umtalsvert fyrir íbúa, borsápa hefur flætt upp og fokið um nágrenni auk þess sem umferð vinnutækja þótti skapa hættu fyrir gangandi/hjólandi vegfarendur. Ef þarna



mætir bara bor með skráningu eða leyfi verður, þá tekið tillit til íbúa og viðunandi ráðstöfunum til að draga úr ónæði og mengun beitt ?

Í starfsleyfisferlinu eins og það var áður fyrir jarðborunarframkvæmdir var unnt að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og aðlaga skilyrði einnig m.t.t. framkominna athugasemda á auglýsingatíma. Þegar jarðborinn sjálfur er orðinn starfsleyfis- eða skráningarskyldur verður þetta ferli allt mjög flókið enda borinn sjálfur ekki það sem helst þarf að hafa áhyggjur af, eins og reifað er í umsögn HER frá 12. maí um mál S-76/2026. Engin útskýring fylgir reglugerðarbreytingunni á því af hverju var komist að þeirri niðurstöðu að takmarka skráningarskyldu við þessa stærð af bor. Í raun er ekki ljóst hvort hér sé eingöngu verið að miða við afl borsins eða hvort taka eigi tillit til annars tækjabúnaðar sem honum fylgir óhjákvæmilega á borstað.

Skráningarskyldur atvinnurekstur skal fylgja svokölluðum starfsskilyrðum sem afhent eru þegar skráning er staðfest, slík skilyrði eru ekki til fyrir jarðbor sem stendur, nokkuð sem skapar mikla óvissu er varðar kröfur og eftirlit með borframkvæmdum. Bor af þessari stærð getur hæglega haft umtalsverð umhverfisáhrif og valdið jafnvel óbætanlegum skaða. HER fær ekki séð hvernig almenn starfsskilyrði eigi að geta endurspeglad þau atriði sem taka þarf tillit til á borstað því aðstæður geta verið mjög breytilegar.

Í drögum að breytingu á reglugerð 550/2018, máli S-76/2026 í samráðsgátt, er kveðið á um að færánlegur atvinnurekstur, eins og jarðbor, eigi að senda Umhverfis- og orkustofnun (UOS) tilkynningu þegar farið verði í framkvæmdir og tilgreint hvaða upplýsingar eigi að fylgja tilkynningunni. Eins og HER benti á í fyrrgreindi umsögn sinni um það mál þurfa mun fleiri gögn að fylgja tilkynningunni en þar eru tilgreind. Þessi tilkynningarskylda gildir hvort sem um starfsleyfi- eða skráningarskyldan bor er um að ræða. Eins og bent var á í umsögninni þarf einnig að tilkynna hlutaðeigandi sveitarfélagi og heilbrigðiseftirliti um hverja framkvæmd enda mikilvægt að staðfest sé að öll tilskilin leyfi séu til staðar, ekki bara leyfi fyrir bortækinu. Skráningarskyldur bor þarf engu að síður framkvæmdaleyfi, afnotaleyfi, leyfi landeigenda eða starfsleyfi á vatnsverndarsvæði, allt eftir því hvað við á miðað við staðsetningu framkvæmdar. Eina einföldunin við að gera jarðbor af þessari stærð skráningarskyldan er að þá þarf ekki að auglýsa neitt starfsleyfi, eftir sem áður þarf að fara að öllum lögum og reglum. Mikilvægt er að rekstraraðilar skráningarskyldra bortækja átti sig á þessu, reynsla HER hefur sýnt að eins og skráningarskyldan er kynnt fyrir rekstraraðilum fá þeir þá óraunhæfu mynd að þeir þurfi í raun ekki að uppfylla neinar kröfur áður en þeir geti hafist handa með sinn rekstur.



Þá þarf að skilgreina vel hvaða gögn eigi að fylgja skráningu jarðbors 1MW og undir í skráningargátt svo unnt sé að staðfesta skráningu í gáttinni. Margt sem í raun ætti að horfa til við borframkvæmdir tengist ekki tækinu sjálfu. Á að skila inn tæknilegum upplýsingum um tækið ? Viðhaldssögu þess ? Lekaleitarvottorði ? Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa? Áður en skráningarskylda er sett á þarf að koma þessu máli á hreint.

Að mati HER ætti að taka til gagn Gerrar endurskoðunar þá ákvörðun að gera jarðbora starfsleyfis- eða skráningarskylda og gera jarðborunarframkvæmdina leyfisskylda aftur. Sú leið styður við markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og dregur úr líkum á mengun, óhöppum og umhverfisslysum. Unnt er að ná fram einföldun í leyfisveitingarferli á annan hátt.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Svava S. Steinarsdóttir
verkefnastjóri í vöktun